



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
MSS26020043
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 10.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára bókastyrk

Lögð fram svohljóðandi tillaga Magnúsar Sigurðar Jónassonar, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára, 15 þúsund króna styrk til bókakaupa árlega. Tillagan kæmi til framkvæmda 1. janúar 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík

Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna

með Borgarstjórn Reykjavíkur

10. febrúar 2026

Magnús Sigurður Jónasson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára bókastyrk:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára 15 þúsund króna styrk til bókakaupa árlega. Tillagan kæmi til framkvæmda 1. janúar 2027.

Greinargerð:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir að 13-18 ára ungmenni fái árlegan bókastyrk. Það myndi þjóna einstaklingum á unglingastigi grunnskóla og fyrstu árum framhaldsskóla. Markmið bókastyrksins er að hvetja ungmenni til yndislesturs og stuðla að lesskilningi og væri styrkurinn því ný lausn til þess að sporna gegn dvínandi áhuga ungmenna á lestri. Upphæðin væri sú sama fyrir öll ungmenni.